

Erindisbréf Öldungaráðs Fjarðabyggðar

Um verkefni

1. gr.

Öldungaráð er fjölskyldunefnd og bæjarstjórn Fjarðabyggðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni þeirra íbúa Fjarðabyggðar sem eru 67 ára og eldri. Ráðið starfar í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessu og með vísan til 38. gr. laga nr. 40/1991 og 8. gr. laga nr. 125/1999.

2. gr.

Ráðið gerir tillögur til fjölskyldunefndar og bæjarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum íbúa 67 ára og eldri. Það mótar stefnu og gera tillögur sem varðar verksvið þess.

Ráðið fjallar um þjónustu við eldra fólk, framkvæmd og þróun öldrunarmála ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf og samstarfi Fjarðabyggðar við hagsmunasamtök

3. gr.

Helstu hlutverk, verkefni og markmið ráðsins er:

- Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð eldra fólks og samhæfa þjónustu.
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarþjónustu.
- Að leitast við að tryggja að eldra fólk fái þá þjónustu sem það þarfust og kynna fyrir þeim þá kosti sem í boði eru.
- Að koma skoðunum og tillögum íbúa 67 ára og eldri til viðeigandi aðila í stjórnerfi Fjarðabyggðar.
- Að gæta hagsmuna íbúa 67 ára og eldri um mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega.
- Að efla tengsl hagsmunasamtaka hópsins og bæjaryfirvalda með því m.a. að standa fyrir umræðu um þau mál sem til hagsbóta geta verið fyrir íbúa 67 ára og eldri.
- Að gera tillögur til fjölskyldunefndar um stefnumörkun í málefnum íbúa 67 ára og eldri.
- Að taka til umfjöllunar þau mál sem nefndir eða ráð óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.
- Að senda erindi til yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um fyrirkomulag þjónustunnar, þ.m.t. skipulag hennar ef talin er þörf á því.
- Veita umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir eldra fólk.

4. gr.

Í fjárhagsáætlun hvers árs skal ákvarða sérstaka fjárveitingu til verkefna ráðsins. Fjárveitingunni skal varið til þinghalds, útgáfu eða fræðslu.

5. gr.

Ráðið starfar í samræmi við reglur og samþykktir Fjarðabyggðar.



Um skipan

6. gr.

Ráðið er skipað sjö fulltrúum og jafnmögum til vara. Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru tilnefndir af bæjarstjórn og þrír aðal- og varamenn eru tilnefndir af félögum eldri borgara í Fjarðabyggð. Heilsugæslan tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara. Fjölskyldusvið tilnefnir áheyrnarfulltrúa.

7. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs það formann og varaformann úr sínum röðum. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari löglega fram. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en úrskurði hans má skjóta til bæjarráðs.

8. gr.

Áheyrnarfulltrúi fjölskyldusviðs er starfsmaður ráðsins. Hann situr fundi ráðsins með málfræsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin málefni. Jafnframt skal ráðið leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins, forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra.

Um yfirstjórnum

9. gr.

Ráðið gerir starfsáætlun um verkefni sín í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár.

10. gr.

Formaður hverju sinni er í forsvari fyrir ráðið um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnssýslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákværðana þess.

Um fundarsköp

11. gr.

Ráðið skal að jafnaði halda sex fundi á ári. Bæjarstjórn og fjölskyldunefnd skulu halda árlega fundi með ráðinu.

12. gr.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar um dagskrá. Dagskrá skal send til aðalmanni í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Óski fulltrúi eftir að mál verði tekin á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál á



dagskrá ráðsins þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu þess máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

13. gr.

Um ritun fundargerða ráðsins gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar og annarra nefnda sveitarfélagsins.

Um hæfi og skyldur ráðsmanna og annarra fundarmanna

14. gr.

Aðalmönnum er skylt að sækja alla fundi ráðsins nema lögmæt forföll hamli. Sé aðalmaður forfallaður skal hann tilkynna forföllin til formanns og starfsmanns ráðsins og boða varamann á sinn fund.

Gildistaka

15. gr.

Erindisbréf þetta tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar og fellur þá úr gildi erindisbréf sama efnis frá 18. júlí 2018.

Fjarðabyggð 9. maí 2025



Jóna Árný Pórðardóttir
Bæjarstjóri

